

Framlög til Háskóla Íslands hækkuð um 1,5 milljarða króna á næstu fjórum árum til að efla rannsóknir og nýsköpun

- *Heildartekjur Háskóla Íslands verði sambærilegar við meðaltal OECD-ríkjanna árið 2016 og við meðaltal annarra norrænna ríkja árið 2020 að teknu tilliti til hagvaxtar og stöðu ríkisfjármála*
- *Fjárframlög eru árangurstengd og miðast við árangur í sókn að markmiðum í Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 og viðurkennda alþjóðlega mælikvarða um samkeppnishæfni ríkja*

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tilkynnti á aldarafmælishátíð Háskóla Íslands í Hörpu í dag að stjórnvöld hyggist leggja 1,5 milljarða króna í Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands á fjórum árum, fram til ársins 2014. Jafnframt er sett það markmið að árið 2016 verði tekjur háskólans í samræmi við meðaltal tekna á hvern stúdent í háskólum í OECD-ríkjunum. Tveir þriðju þess sem upp á vantar komi frá ríkinu en þriðjung fjárens afli skólinn sjálfur. Það geri hann fyrst og fremst með því að sækja í alþjóðlega rannsóknarsjóði. Loks er sett markmið um að árið 2020 verði þessar tekjur orðnar þær sömu og meðaltal á Norðurlöndum.

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, sagði við þetta tilefni í dag: „Engar auðlindir eru mikilvægari en menntun og menning hverrar þjóðar. Ekkert er dýrmætara en að fá að þroska færni sína og kunnáttu og að rækta mannlega eiginleika á uppbyggilegan hátt. Sú þjóð sem kappkostar það hlýtur að eiga bjarta framtíð.“

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, sagði af sama tilefni: „Það er okkur háskólaafólki ómetanlegt að skynja að stjórnvöld og Alþingi deila með okkur framtíðarsýn og vilja vinna að þeim markmiðum sem við höfum sett. Það lýsir framsýn, á erfiðum tímum í fjármálum ríkisins, að setja markmið til langs tíma um uppbyggingu háskólans. Það er afar mikilvægt að við getum byggt upp skólann með sambærilegum fjárveitingum og við sjáum í löndunum í kringum okkur. Þessir fjármunir verða fyrst og fremst nýttir í þágu þeirrar sóknar sem öll miðar að því að skapa aukinn verðmæti og grunn auðlegðar, velsældar og þeirrar samfélagsmyndar sem við viljum móta.“

Framlög verða árangurstengd

Gert er ráð fyrir því að framlögin í Aldarafmælistjóðinn verði árangurstengd. Horft verður til markmiðasetningar í stefnumótun Háskóla Íslands 2011 – 2016 og mælikvarða sem m.a. eru notaðir af OECD til að meta samkeppnishæfni þjóða og jafnframt tekið mið af hagvexti hér á landi og stöðu ríkisfjármála.

Í stefnu Háskóla Íslands er lögð áhersla á sérstök verkefni og munu framlög Aldarafmælistjóðsins að hluta til standa undir kostnaði við þau. Lögð verður áhersla á að efla rannsóknir, nýsköpun og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Þá verður meðal annars unnið að því að auka skilvirkni í námi, draga úr brottfalli og auka gæði kennslu.

Enn fremur verður meistara- og doktorsnám eftt, nemendum fjölgað í þeim greinum þar sem þörfin er mest í samfélaginu og þverfræðilegt samstarf styrkt. Þá verður lögð áhersla á að efla fræðslu fyrir almenning og miðlun vísinda og nýsköpunar til barna.